

**3.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026**  
**Fundur vegna leikskólans Undralands 19.okt 2022**  
**kl. 16:00 í Undralandi**

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritar fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri Undralands, Ragnheiður Kjartansdóttir fulltrúi foreldra Undralands og Valdís Magnúsdóttir fulltrúi starfsfólks.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla leikskólastjóra.
2. Innritun nýrra nemenda í leikskólann og starfsmannamál.
3. Viðhald og innkaup-áætlun.
4. Gátlisti-skólanefnd fer yfir gátlista sem má finna í riti um skyldur og ábyrgð sveitarfélaga og nefndar, sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar, samkvæmt lögum um leikskóla frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
  - a)Menntun starfsfólks, hlutfall fagmenntaðra
  - b)Símenntunaráætlun
  - c)Húsnaði, útvistar- og leiksvæði
  - d)Foreldraráð
  - e)Samstarf leik-og grunnskóla
5. Þakkir til foreldrafélagsins

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið inn á fundinn.

1. Skýrsla leikskólastjóra.  
Leikskólastjóri sagði frá starfinu í leikskólanum, útináminu , Lubba, Bínu og Blæ og hringekjunni. Einnig var farið yfir þær áskoranir sem skólinn stendur frammi fyrir varðandi mannahald, vinnuaðstæður og starfsumhverfi starfsmanna og barna. Samstarf við foreldra hefur verið mjög gott og foreldrar tekið vel í að aðstoða þegar grípa þarf til fáliðunarstefnu. Þrisvar hefur þurft að grípa til fáliðunarstefnunnar síðan hún var tekin í notkun síðasta veturnar. Leikskólastjóri vill koma þökkum til foreldra fyrir góða samvinnu.  
Leikskólastjóri fjallaði um möguleg áhrif á leikskólann varðandi breytingar á Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings. Skólanefnd fékk kynningu á stöðu mála varðandi breytingar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á sameiginlegum fundi leik-og grunnskóla 10.október síðastliðinn, eins og fram kom þar þá leggur skólanefnd mikla áherslu á að breytingarnar verði unnar hratt og örugglega til að ekki verði rof á sérfræðiþjónustu. Mikilvægt er að skólarnir, kennarar og nemendur, hafi aðgang að allri þeirri sérfræðiþjónustu sem í boði hefur verið hingað til, á meðan á þessum breytingum stendur.
2. Innritun nýrra nemenda í leikskólann og starfsmannamál.  
Leikskólastjóri kynnti fyrir skólanefnd hversu margar umsóknir nýrra barna inn í leikskólann liggja fyrir og hvernig starfsmannamál standa, út frá því hversu mörg börn

l.m

Bug

W

KP

AK

eru væntanleg á þessu skólaári. Staðan er þannig að í dag vantar að lágmarki 2 starfsmenn og um áramót vantar að lágmarki 1 til viðbótar til að dekka þær umsóknir barna sem liggja fyrir.

3. Viðhald og innkaup-áætlun.

Leikskólastjóri kynnti verkáætlun og áætluð innkaup leikskólans, sjá fylgiskjal nr.1, fyrir þetta skólaár. Skólanefnd telur mikilvægt að horft sé til áætlaðra framkvæmda innan og utandyra við gerð fjárhagsáætlunar. Þessar framkvæmdir eru meðal annars ætlaðar til að bæta starfsaðstöðu og námsumhverfi kennara og nemenda innan og utandyra. Skólanefnd telur það mikilvægt að þær framkvæmdir sem koma fram í áætluninni séu framkvæmdar hið fyrsta.

4. Gátlisti-skólanefnd fer yfir gátlista um skyldur og ábyrgð sveitarfélaga og nefndar um málefni leikskólans.

- a. Menntun starfsfólks, hlutfall fagmenntaðra-farið yfir hlutfall fagmenntaðra og rætt um hvað sé hægt að gera til að fjlga fagmenntuðum kennurum í leikskólanum:

Ljóst er að hlutfall fagmenntaðra starfsmanna í skólanum er ekki hátt en skólinn er ríkur af góðu áhugasönum starfsmönnum sem nauðsynlegt er að hlúa vel að og hvetja þau til að styrkja sig í starfi með því að taka námskeið tengdu starfinu.

- b. Símenntunaráætlun-leikskólastjóri lagði fram símenntunaráætlun leikskólans: Leikskólastjóri fór yfir þá nauðsyn að starfsmenn hafi kost á því að endurmennta sig. Skólinn hefur haft fasta liði eins og t.d haustþing leikskólakennara undir endurmenntun. Símenntunaráætlun er í sífelldri endurskoðun.

- c. Húsnæði, útvistar- og leiksvæði:

Farið yfir stöðu á húsnæði og umhverfi leikskólans. Ljóst er að margt er gott en nokkuð þarf að bæta eins og kom fram undir lið nr.3.

- d. Foreldraráð:

Unnið er að því að uppfæra starfsreglur foreldraráðs og skipa í ráðið.

- e. Á sameiginlegum skólanefndarfundi leik- og grunnskóla var farið yfir samstarf á milli skólastiga og eru heimsóknir reglulegar á milli. Einnig var rætt um vilja á báðum skólastigum til að efla það starf enn frekar, skólanefnd leggjur áherslu á að auka samstarf og samvinnu skólann. Skólanefnd sér það einnig sem lið í að efla samstarfi á milli skólastiga, að halda sameiginlega skólanefndarfundi líkt og síðasta fund til að skapa sameiginlegan umræðuvettvang allra aðila sem koma að skólamálum í Hrunamannahreppi á öllum skólastigum. Stefnt er á að halda annan sameiginlegan skólanefndarfund á skólaárinu.

5. Þakkar til foreldrafélags:

Við skólann starfar sterkt foreldrafélag sem er mikill styrkur fyrir leikskólans.

Skólanefnd þakkar foreldrafélaginu kærlega fyrir góðan styrk til leikskólans.

Hauðra Hjörleif Jóns  
Björgvin Ólafur Þóresson  
Valuris Magnússon

Katrin Þorvaldsdóttir

Fleira ekki rætt og fundið slitið 18:06.